

Skipulagsskrá þessi var samin og samþykkt á fundi hreppsnefndar Suðureyrarhrepps hinn 24. nóvember 1930 og samþykkt óbreytt á almennum hreppsfundi á Suðureyri hinn 3. maí 1931.

Örnólfur Valdimarsson
(oddviti).

Kr. A. Kristjánsson
(ritari).

20
31. marz

REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

21
3. apríl

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvikinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast að fullu aftur.

21

3. apríl

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmur úr leik missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. maí næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45, 31. maí 1927 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

22

4. apríl

S A M Þ Y K K T

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 22. nóv. 1929.

3. grein samþykktarinnar orðist þannig:

Nefnd sú, sem kosin er samkvæmt 5. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er leyfilegt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vik, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðunum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara fyrr en merkið hefir verið gefið, og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láta sæmilega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér í ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgzt með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálf-sögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu. Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925 og lög nr. 29, 19. maí